

# Áhrif skattalagabreytinga á verðbréfafyrirtæki

**Skattadagurinn 2013**

10. janúar 2013

Tanya Zharov

AUDUR CAPITAL



# FJÁRSÝSLUSKATTURINN

---

## Sérskattur fyrir einn geira

- Sérskattur á einn geira - er þetta kannski einhvers konar refsing fyrir eitthvað sem gerðist?
- Lítil samúð með þessum geira.
- Var kannski markmið löggjafans að ná að skattleggja „ofurhagnað“ bankanna?
- Nefnt í rökstuðningi að skattinum væri; „...einnig ætlað að stuðla að fjármálalegum stöðugleika með því að draga úr launaskriði innan greinarinnar og þar með fyrirbyggja óæskilega þenslu á fyrstu rekstrarárum endurreists fjármálakerfis.“
- Skatturinn leggst ekki á fyrirtæki sem hlutfall af hagnaði heldur sem hlutfall af launum – og er því í rauninni viðbótartryggingargjald fyrir þennan eina geira.
- Leggst hlutfallslega þyngra á verðbréfafyrirtækin en banka því að launakostnaður verðbréfafyrirtækja er um 60% af föstum rekstrarkostnaði á móti 40% hjá bönkum.
- Er að hækka úr 5,45% upp í 6,75% nú um áramót.



# FJÁRSÝSLUSKATTURINN

---

## Spurningar sem vakna:


- Af hverju er ekki horft á hagnað sem skattstofn?
- Af hverju er verið að leggja þessar álögur á verðbréfafyrirtæki ef markmiðið er að viðhalda fjármálastöðugleika?



## HÆKKUN EFTIRLITSGJALDA

---

Tífold hækkun á eftirlitsgjöldum frá hruni  
án breytinga á fyrirtækinu.



# SKATTALAGABREYTINGAR OG AFLEIÐINGAR ÞEIRRA

---

## Eftirlitsgjaldið

- Eftirlitsgjaldið er reiknað út frá stærð efnahags fjármálafyrirtækis.
- Það má færa rök fyrir því að sá mælikvarði sé notaður fyrir banka þar sem stærð útlána hefur vissulega áhrif á rekstraráhættu félagsins.
- Það eru engin rök fyrir því að miða við stærð efnahagsreiknings hjá verðbréfafyrirtækjum, þar breytist áhættan frekar miðað við rekstrarliði eins og veltu eða fjölda starfsmanna.
- Þetta þýðir að verðbréfafyrirtæki með mikið eigið fé (og þar með meiri burði til að taka áföllum) er að borga hærra eftirlitsgjald en hitt sem er með lítið eigið fé.



# SKATTALAGABREYTINGAR OG AFLEIÐINGAR ÞEIRRA

---

## Innheimtustörf fyrir ríkissjóð

- ***Breytingar á fjármagnstekjuskatti***
- Fjármagnstekjuskattur var 10%.
- 1. júlí 2009 – er fjármagnstekjuskatti breytt í 15%.
- 1. jan. 2010 – er fjármagnstekjuskatti breytt í 18%.
- 1. jan. 2011 – er fjármagnstekjuskatti breytt í 20%.



# SKATTALAGABREYTINGAR OG AFLEIÐINGAR ÞEIRRA

---

## Afleiðingar breytinga

- Fjármálafyrirtæki veita ríkisvaldinu ákveðna þjónustu á eigin kostnað sem er að halda eftir staðgreiðslu af fjármagnstekjum viðskiptavina, t.d. arði, vaxtatekjum og söluhagnaði og skila í ríkissjóð.
- Frá og með 1. júlí 2009 – var lögum breytt, fjármagnstekjuskattur hækkaður og því voru tvö fjármagnstekjuskattsþrep í gildi, þ.e.a.s. 10% og 15% - eftir því hvenær fjármagnstekjurnar féllu til.
- Lagabreytingin á sér stað og tekur gildi strax.
- Á þessum tíma gerðu tölvukerfi fjármálafyrirtækja og tölvukerfa RSK eingöngu ráð fyrir einu þrepi.
- Á þessum tíma lágu ekki fyrir leiðbeiningar frá RSK um hvaða breytingar fjármálafyrirtæki áttu að gera á staðgreiðslunni en um var að ræða fjölda álitamála sem komu upp enda ekki alltaf augljóst hvenær fjármagnstekjur verða til:
  - Á að hlutfalla þær eftir fjölda daga frá kaupdegi til söludags?
  - Á að líta á innlausnar (sölu) dag?
  - Á að horfa á markaðsvirði í lok hvers tímabils?



## DÆMI UM MÖGULEG ÁLITAEFNI

---

### Skattprósenta 16%

	10%	15%	18%	20%	Samtals
Hagnaður	100	100	100	100	400
Skattur	10	15	18	20	63

### Skattprósenta 32%

	10%	15%	18%	20%	Samtals
Hagnaður	0	-100	-50	200	50
Skattur	0	-15	-9	40	16





## SKATTALAGABREYTINGAR OG AFLEIÐINGAR ÞEIRRA

---

### Þetta kostar allt peninga!

- Markaðsaðilar drifu í að uppfæra sín kerfi með tilheyrandi vinnu og kostnaði.
- Eftir sem skattþrepunum fjölgaði – fjölgaði álitæfnunum.
- Við fengum skattaráðgjafa í lið með okkur til að vinna í lausnum – sem einnig kostaði peninga.
- Við áætluðum að hjá okkur hjá Auði Capital hafi farið í vinnu okkar starfsfólks og ráðgjafa tengt tölvuhlutanum - **a.m.k. 500 tímar** frá 2009-2011.



# SKATTALAGABREYTINGAR OG AFLEIÐINGAR ÞEIRRA

---

## Staða viðskiptavinarins vegna tekjuársins 2011

- Frá 1. júlí 2009 fram til 1. júlí 2011 vildi RSK láta fjármálafyrirtæki hlutfalla vaxtatekjur eftir því hvenær þær féllu til í afdrætti á staðgreiðslu skatta.
- Þessi krafa var einnig gerð í upphafi 2011 vegna forskráningar á framtöl. Þetta breyttist síðan um mitt ár sem var innleitt með stuttum fyrirvara 1. júlí 2011.
- Eftir 1. júlí 2011 var farið að taka 20% fjármagnstekjuskatt af öllum fjármagnstekjum án þess að taka tillit til þess hvenær þær urðu til.
- Fjármálafyrirtækin mótmæltu eindregið afstöðu RSK en tóku þá afstöðu að gera breytinguna og kæra fordæmisgefandi mál til yfirskattanefndar – sem hefur nú fallist á þau rök á að nýja framkvæmdin hafi falið í sér afturvirkni skatta.
- Viðskiptavinirnir hafa sumir eflaust skilað framtali sínu fyrir tekjuárið 2011 án fyrirvara og miðað við staðgreiðsluskilin – þeir hljóta nú að eiga inneign hjá ríkissjóði fyrir tekjurárið 2011 þar sem þeir hafa greitt 20% skatt af fjármagnstekjum sem hefðu hugsanlega átt að lenda í 10%, 15% eða 18%.



## FRAMHALDIÐ?

---

### En hvað nú – fyrir tekjuárið 2012?

- Við eigum að skila okkar yfirlitum 10. febrúar til RSK en vitum ekki enn hvernig við eigum að gera það.
- 2012 – er búið að taka flatan 20% staðgreiðsluskatt af öllum viðskiptavinum án tillits til þess hvenær fjármagnstekjurnar urðu til – í samræmi við leiðbeiningar RSK.
- Ofangreint er að áliti yfirskattanefndar óheimilt í sumum tilvikum, og þó er ekki alveg ljóst í nákvæmlega hvaða tilvikum því að tegundir fjármagnstekna eru margar.
- Úrskurður yfirskattanefndar kom 28. nóvember 2011 – hvar er opinber afstaða RSK um hvaða áhrif þetta hefur?
- Það hefur verið haldinn fundur með RSK en ekki komin niðurstaða.



# EKKERT BÓLAR Á LEIÐBEININGUM

---

## Áfram óvissa

- **Hvernig eigum við að standa að málum fyrir framtalsárið 2012?**
- Undir eðlilegum kringumstæðum værum við að senda RSK yfirlit yfir það sem við höldum eftir – þ.e.a.s. 20% sem okkur var sagt að halda eftir og viðskiptavinurinn gæti talið fram á einfaldan hátt þar sem upplýsingarnar hefðu verið forskráðar.
- En vegna ofangreindra aðstæðna eiga viðskiptavinirnir rétt á að fá yfirlit sem sýna hvað var tekið – og einnig til samanburðar hvað hefði átt að taka og framtalsgerð viðkomandi hlýtur að eiga að miðast við hið síðarnefnda.
- Hvað nú?
- Nú er 10. janúar og fátt er um svör varðandi fyrra ár og hvernig á að leiðrétta þetta.
  
- **Hvernig eigum við síðan að haga afdrætti á staðgreiðslu fyrir 2013?**
- Eðlilegt væri að taka upp vinnuframkvæmd frá því fyrir 1. júlí 2011 – en RSK hefur ekki viljað staðfesta neitt og telur enn vafa á útfærsluatriðum og á meðan beðið er eftir þeim gerist ekkert.



## ÓSKALISTINN

---

### Í alvörunni – getum við ekki unnið þetta faglega til hagsbóta fyrir alla?

- Fjármálafyrirtæki eru mismunandi að gerð og áhættan er því mjög ólík. Það þarf að horfa á eðli áhættunnar fyrir samfélagið þegar rætt er um fjármálafyrirtæki.
- Gera þarf greinarmun á fjármálafyrirtækjum þegar verið er að leggja á sérstaka skatta, aukinn eftirlitskostnað og íþyngjandi reglur.
- Þegar skattalagabreytingar eru gerðar væri óskandi að það yrði betri fyrirvari á gildistöku, að lágmarki sex mánuður. Það sparar mikla fjármuni, bæði fyrir einkageirann og hið opinbera. **Hringl er dýrt!**
- Þingmenn hafa greinilega „klárunarþörf“ kvöldið fyrir jól sem leiðir oft til skattalagabreytinga. Það væri svo óskandi að gildistakan væri ekki strax tveimur vinnudögum síðar þ.a. hvorki RSK né aðrir ráði við að finna tæknilegar lausnir á þeim breytingum sem þarf að gera.
- Meira samráð milli atvinnulífs og RSK – um útfærslur á flóknum tæknilegum úrlausnarefnum.

